

Frá stjórn og skólamálanefnd

*Ályktun um styttingu námstíma til stúdentsprófs*

Aðalfundur Félags grunnskólakennara skorar á menntamálaráðherra að endurskoða áform sín um að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár.

Eðlilegra væri að skoða nánar samfellu á milli leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla og leggja áherslu á fljóttandi skil skólastiganna. Auðvelda þarf enn frekar þeim grunnskólanemendum sem skara fram úr í námi að auka þekkingu sína í þeim greinum og gera þeim þannig fært að ljúka námi í framhaldsskóla fyrr en ella. Einnig þarf að gæta hagsmuna þeirra nemenda sem eiga í erfiðleikum með að fylgja núverandi námskrá í þeim greinum sem breytingin tekur til.

Með því að færa nám sem samsvarar 12 einingum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku úr framhaldsskólum niður á grunnskólastig er líklegt að þær námsgreinar fái enn aukið vægi á kostnað aukins valframboðs í grunnskólum.

Félag grunnskólakennara skorar á yfirvöld menntamála að beina athyglinni að stöðu list- og verkgreina í grunnskólum og leggja áherslu á að efla kennslu í þeim til að mæta betur mismunandi þörfum og áhugasviði nemenda og koma til móts við hvern og einn eins og áhersla er lögð á í aðalnámskrá.